

Föstudaginn 16. október 1970.

**Nr. 135/1970. Margrét G. Hjaltested vegna sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar f. h. dánar- og félagsbús Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar G. Hjaltesteds
gegn
Magnúsi S. Hjaltested.**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. maí 1970 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Kópavogs, sem kveðinn var upp 11. maí 1970, en sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn hinn 12. s. m. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 3. júlí 1970. Með úrskurði þessum var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að fram færu vitnaleiðslur til upplýsingar gagnkröfum hans í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Var málinu frestað í þessu skyni til 30. júní 1970.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að eigi verði leyfð frekari gagnasöfnun í málinu né frekari frestir í því skyni og verði málið tekið til munnlegs flutnings um efni þess. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að honum verði veittur nægilegur frestur til að upplýsa málið með vitnaleiðslum. Krefst hann einnig kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 4.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Margrét G. Hjaltested vegna sjálfrar sin og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar f. h. dánar- og félagsbús Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar G. Hjaltesteds, greiði varnaraðilja, Magnúsi S. Hjaltested, kr. 4.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Kópavogs 11. maí 1970.

Mál þetta er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Margréti Guðmundsdóttur Hjaltested, fyrrum húsfreyju á Vatnsenda í Kópavogskaupstað, fyrir sjálfs sín hönd og ófjárráða barna sinna, Margrétar Hjaltesteds, Sigurðar Kristjáns Hjaltesteds og Karls Lárusar Hjaltesteds fyrir hönd dánar- og félagsbús Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar G. Hjaltesteds gegn Magnúsi S. Hjaltested pípulagningameistara, Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

Stefnandi hefur stefnt til réttargæzlu, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936, þeim Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, fyrir Markús Ívar Hjaltested, Bræðraborgarstíg 23, Reykjavík, og Sigríði S. Hjaltested, Kirkjusandi við Reykjanesbraut, svo og skiptaráðandanum í dánar- og félagsbúi Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar G. Hjaltesteds, Unnsteini Beck, borgarfógeta í Reykjavík.

Stefna í málinu er útgefin hinn 24. október 1969, og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda og greindum ófjárráða börnum hennar fyrir hönd nefnds dánar- og félagsbús kr. 811.159.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 16. maí 1969 til greiðsludags svo og kostnað sakarinnar að skaðlausu. Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar né gera þeir kröfur.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar solidarískt úr hendi stefnanda.

Samkvæmt skjölum málsins eru helztu málavextir þessir:

Magnús Einarsson Hjaltested, sem fæddur var 23. nóvember 1871, eignaðist jörðina Vatnsenda, sem nú er í lögsagnarumdæmi Kópavogs, árið 1914. Magnús mun hafa búið á jörðinni lengst af

eftir það, unz hann andaðist árið 1940. Hann var alla ævi ókvæntur og lézt barnlaus. Lárus Pétursson Hjaltested hét bróðursonur Magnúsar. Hann var fæddur 1892. Árið 1928 varð það að samkomulagi með þeim Magnúsi og Lárusi, að Lárus tæki við ábúð á Vatnsenda, enda bjó hann þar upp frá því til dauðadags jafnframt Magnúsi.

Lárus Hjaltested lézt árið 1956. Tók þá við jörðinni ekkja hans, Sigríður Jónsdóttir Hjaltested, og bjó þar til fardaga 1960. Þá tók við ábúð á jörðinni elzti sonur Lárusar og Sigríðar, Sigurður Lárusson Hjaltested, og bjó hann þar til dauðadags. Sigurður var tvíkvæntur. Var seinni kona hans Margrét Guðmundsdóttir Hjaltested, stefnandi í máli þessu.

Sigurður Lárusson Hjaltested andaðist 13. nóvember 1966. Bjó þá kona hans áfram á jörðinni ásamt börnum sínum, og nytjaði hún jörðina, eftir því sem kostur var, unz hún var borin út af fógeta í júlí 1969.

Dánar- og félagsbú Sigurðar L. Hjaltesteds og ekkju hans, stefnandans Margrétar G. Hjaltesteds, var tekið til opinberra skipta, og var fyrsti skiptafundur í búinu 25. febrúar 1967. Var þá m. a. lögð fram í afriti erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dags. 4. janúar 1938 og árituð að nýju 29. október 1940. Í erfðaskránni segir m. a. svo:

„Ég undirritaður Magnús Einarsson Hjaltested, fyr úrsmiður í Reykjavík, en nú bóndi á Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, sem ekki á neitt afkvæmi, lýsi hérmeð yfir því sem síðasta vilja mínum, að með eignir mínar lausar og fastar allar undantekningarlaust skal fara á þann hátt, er hér eftir segir, að mér látnum.

1. Allar eignir mínar — fastar og lausar — skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested, með þeim nánari takmörkunum og skilyrðum, er nú skal greina.

a. Hann má ekki selja fasteign þá, er ég nú á — Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi — er hann fær að erfðum með þessari arfleiðsluskrá, né heldur veðsetja hana fyrir meira en sem nemur 50% af fasteignamatmi jarðarinnar og þó aðeins til greiðslu erfðafjárskatts, ef með þarf, eða nauðsynlegra endurbóta á húsum jarðarinnar eða henni sjálfri.

b. Hann skal búa á eigninni sjálfur, sbr. þó það, er síðar segir um föður hans undir tölulíð 2.

c. Arftaki má selja á leigu lóðir undir hús, leikvelli eða annað úr óræktuðu landi jarðarinnar gegn árlegu afgjaldi, er hæfilegt

þyki á hverjum tíma, og skulu þær leigur goldnar á tilteknum gjalddaga til ábúanda, hver sem hann verður, og má ekki veðsetja þær neinum fremur en jörðina, fyr en þær eru greiddar ábúanda.

2. gr. Meðan Lárus Hjaltested, faðir Sigurðar, lifir, má hann búa endurgjaldslaust á fyrnefndri jarðeign, að öðru en því, að hann svarar til vaxta og afborgana af skuldum þeim, er á eigninni hvíla.

Allar bætur fyrir landspjöll, sem þegar eru orðin eða kunna að verða á jörðinni af annara völdum og jörðinni ber, hefur Lárus Hjaltested eða næsti ábúandi rétt til að krefja inn og semja um með lögsókn, ef með þarf, sem tilheyrandi jörðinni að mér látnum, ef ekki hefur verið fullkomlega um það samið áður.

Sömuleiðis hefur Lárus Hjaltested eða næsti ábúandi allan rétt þann, er um ræðir í gr. 1, tölulið c.

3. gr. Að Sigurði látnum gengur jarðeignin að erfðum til elzta sonar hans og svo til hans niðja í beinan karllegg og sé sá leggur útdauður, þá til næst elzta sonar Sigurðar og hans niðja í beinan karllegg o. s. frv. koll af kolli, þannig að ávalt fær aðeins einn maður allan arfinn, sá elzti í þeim legg, er að réttu ber arfur samkvæmt því, er nú hefur verið sagt.

Sé enginn erfingi réttborinn til arfa frá Sigurði samkvæmt framanskráðu, þá gengur arfurinn til Georgs Péturs Hjaltested, næst elzta sonar Lárusar, og hans niðja í beinan karllegg eftir sömu reglum. Sé enginn til í legg Péturs, sem uppfylli skilyrðin, þá skal arfurinn ganga til Jóns Einars Hjaltested, sonar Lárusar, og niðja hans í beinan karllegg eftir sömu reglum og svona koll af kolli, meðan til er eitthvað afkvæmi í karllegg frá Lárusi Hjaltested, sem uppfylli erfðaskilyrði þau, er margnefnd eru.

4. gr. Skyldi einhver erfingjanna hætta búskap á Vatnsenda, missir hann rétt sinn samkvæmt erfðaskrá þessari, og sá, sem næstur er í röðinni, tekur við.

5. gr. Ef viðkomandi erfingi er ómyndugur, skal fjárhaldsmaður hans ráðstafa ábúðinni, þar til hann er myndugur.

6. Sérhver erfingi, sem fær erfðarétt samkvæmt þessum arfleiðslugjörningi, er skyldugur til þess að halda öll þau skilyrði, sem Sigurði eru sett með honum, og gæta þeirra takmarkana, er samningurinn hefur inni að halda, vanræki einhver það, veldur það tafarlaust réttindamissi fyrir hlutaðeiganda“.

Við búskiptin hélt stefndi, Magnús S. Hjaltested, því fram, að jörðina Vatnsenda bæri að afhenda sér sem elzta syni Sigurðar

L. Hjaltesteds, enda bæri að öðru leyti að haga skiptum samkvæmt ákvæðum erfðaskrárinnar.

Þessum skilningi og kröfum mótmælti stefnandi og krafðist skipta á öllum eignum búans, þ. á m. jörðinni Vatnsenda, eftir reglum erfðalaganna. Urðu um þetta efni miklar greinir með aðiljum, og var rekið fyrir skiptarétti sérstakt mál um kröfu stefnda um afhendingu jarðarinnar. Kvað skiptaráðandi upp úrskurð um ágreininginn 24. júlí 1967. Eru ályktunarorð úrskurðarins svohljóðandi:

„Varnaraðilja, Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, er áskilinn réttur eftir látinn föður sinn til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda í Kópavogsskaupstað með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1938.

Málskostnaður fellur niður“.

Þessum úrskurði skaut stefnandi til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi, uppkveðnum 5. apríl 1968.

Hinn 7. maí 1968 var haldinn skiptafundur í búinu. Gerði þá skiptaráðandi svolátandi bókun:

„Þá lýsti skiptaráðandi því yfir, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogsskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja ber samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. jan. 1938 og 29. okt. 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar, enda tekur Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður ásamt erfingjunum ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar, erfðafjárskatts og annarra opinberra gjalda, sem á erfingjana kann að falla í sambandi við skiptin“.

Þessari ákvörðun skiptaráðanda var áfrýjað til Hæstaréttar af báðum aðiljum. Eftir það voru haldnir nokkrir skiptafundir í búinu, og komu þar fram ýmsar kröfur af hálfu aðilja. Meðal annars krafðist stefnandi þess, að framkvæmd yrði úttekt á jörð og húsum á Vatnsenda, og hélt því fram, að eigi gæti komið til álita, að hún þyrfti að víkja af jörðinni, nema svo væri gert, enda yrði úttekt fullnægt við hugsanlegan brottflutning hennar. Þessari kröfu var mótmælt af stefnda, en skiptaráðandi vildi eigi hafa frumkvæði að því að koma fram úttektargerð. Að fyrirsögn Hæstaréttar fór úttektargerð fram, og var henni lokið 16. maí 1969.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á grundvelli úttektargerðarinnar, en samkvæmt henni telur stefnandi, að stefnda beri að greiða sér f. h. búans kr. 796.159.00 í ábúandabót og kr. 15.000.00 í úttektarkostnað, eða samtals kr. 811.159.00, sem er stefnufjárhæðin.

Málið var þingfest hinn 6. nóvember 1969. Fékk þá stefndi frest til greinargerðar til 27. s. m. Á bæjarþingi þann dag varð það samkomulag, að stefndi fengi framhaldsgreinargerðarfrest til 11. desember. Á bæjarþingi hinn 11. desember s.l. lagði stefndi fram greinargerð sína og enn fremur ljósrit 21 leigusamnings um landspildur úr landi Vatnsenda, þar sem leigugjaldið tjáist vera greitt nokkur ár fram í tímann. Þá lagði stefndi fram afrit af rekstrar- og efnahagsreikningi veiðifélags Elliðavatns fyrir árið 1968. Eftir árangurslausa sáttatilraun dómara varð það samkomulag með aðiljum að fresta málinu til 15. janúar 1970 til frekari öflunar gagna. Í þinghaldi þann dag óskaði lögmaður stefnda eftir frekari fresti til gagnaöflunar, m. a. í því skyni að leiða ýmis vitni og afla fleiri skjala til að leggja fram í málinu. Lögmaður stefnanda mótmælti frekari frestun málsins og gerði þá kröfu, að gagnasöfnun í málinu væri talið lokið og það tekið til munnlegs flutnings. Lögmaður stefnda krafðist úrskurðar um frestsbeiðni sína, eftir að báðir lögmenn höfðu tjáð sig í stuttu máli um þetta ágreiningsefni. Fór fram munnlegur málflutningur um frestsbeiðnina hinn 4. febrúar s.l. og málið tekið til úrskurðar.

Úrskurður bæjarþingsins var uppkveðinn 12. febrúar s.l. og gekk á þá leið, að frestsbeiðnin var tekin til greina. Var frestun málsins ákveðin 8 vikur. Stefnandi skaut þessum úrskurði til Hæstaréttar með kæru, dags. 24. febrúar s.l. Dómur Hæstaréttar var uppkveðinn 6. f. m. og sagði svo m. a. í forsendum: „Eftir atvikum þykir rétt að fresta máli þessu til 9. apríl 1970“.

Lögmenn aðilja voru nú boðaðir til þinghalds í málinu, og var það tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi hinn 16. f. m. Var þá lagt fram af hálfu stefnda sem dskj. nr. 8 ljósrit 126 leigusamninga um spildur úr Vatnsendalandi, þar sem leigugjaldið tjáist vera greitt nokkur ár fram í tímann, og nr. 9 ljósrit leigusamnings um spildu úr nefndri jörð. Af hálfu stefnanda var dskj. nr. 8 og 9 mótmælt sem óstaðfestum ljósritum, og kvaðst hann geyma sér allan rétt til gagnrýni á téðum skjölum svo og athugasemda og mótmæla. Af hálfu stefnda var skorað á stefnanda að koma fyrir bæjarþingið til aðiljaskýrslugjafar. Málinu var síðan frestað til 30. f. m. með samkomulagi aðilja til frekari öflunar gagna. Jafn-

framt lagði lögmaður stefnda fram skriflega beiðni um aðilja- og vitnaleiðslu í málinu. Ákvað dómari síðan tíma í þessu skyni og boðaði lögmennt aðilja með venjulegum hætti til þinghaldsins. Þegar bæjarþingið hafði verið sett þennan dag, hinn 27. f. m., lögðu lögmennt aðilja fram nokkur skjöl, og var síðan fyrsta vitnið leitt fyrir réttinn, en nokkur önnur biðu á meðan, en vitni þessi komu óstefnd. Er vitnið Jóel Sigurðsson verkstjóri, Álftamýri 10, Reykjavík, hafði verið brýnt á vitnaskyldunni, lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann mótmælti því, „að nú eða síðar í máli þessu fari fram neins konar yfirheyrslur“, þar sem þær gætu ekki lotið að neinu því, sem verða kunni til upplýsingar málinu. Lögmaður stefnda andmælti yfirlýsingum lögmanns stefnanda um þetta atriði og krafðist úrskurðar. Munnlegur málflutningur fór fram um þetta ágreiningsefni hinn 8. þ. m.

Lögmaður stefnda leggur kröfur sínar þannig fyrir í þessum þætti málsins, að úrskurðað verði, að nauðsynlegar vitnaleiðslur til upplýsingar gagnkröfum stefnda verði leyfðar og málinu frestað í því skyni, eins og þörf er á. Þá ítrekar hann áskorun sína til stefnanda að koma fyrir dóminn til aðiljayfirheyrslu, en krefst þess að öðrum kosti, að allar staðhæfingar stefnda í málinu um þau atriði, sem stefnandi gæti persónulega upplýst, yrðu annars lagðar til grundvallar dómi í málinu. Hann krafðist málskostnaðar sérstaklega úr hendi stefnanda í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnanda krefst þess, að synjað verði um yfirheyrslur og frekari gagnasöfnun í málinu en orðið er, enda verði ekki veittir frekari frestir í því skyni, og að dómari ákveði, að gagnasöfnun í málinu skuli lokið og það tekið til munnlegs flutnings. Hann mótmælir málskostnaðarkröfu stefnda, en krefst þess, að á sínum tíma, þegar dómur gengur í málinu og gert verður út um málskostnaðarkröfu umbjóðanda síns, verði tekið tillit til þessa málflutnings um ágreiningsefnið.

Rök stefnda eru þau, að hann eigi gagnkröfur á hendur stefnanda, sem hann hafi sett fram í málinu, og krefjist skuldajafnaðar á móti þeim kröfum stefnanda, sem hann kynni að fá tildæmdar. Til stuðnings þessum gagnkröfum hafi af sinni hálfu verið lögð fram u. þ. b. 150 ljósrít leigusamninga um landspildur í Vatnsendalandi, þar sem fram komi, að landleigur hafi verið greiddar ár og áratugi fram í tímann í tíð stefnanda og eiginmanns hennar á jörðinni. Í sumum tilvikum sé ársleigugjaldið ekki tilgreint í

viðkomandi samningi. Beri sér því nauðsyn til að leiða fyrir dóminn viðkomandi leiguhafa til að upplýsa og sanna þá liði gagnkröfu sinnar. Um þetta hafi ekki staðið á sér undir rekstri málsins, heldur hafi strandað á mótmælum stefnanda, þegar tilkvödd vitni hafi verið komin til vitnaleiðslu, sem um hafi verið beðið á sameiginlegum gagnaöflunarfresti.

Stefndi mótmælir þeirri staðhæfingu stefnanda, að gagnkröfur sínar fái ekki komizt að í málinu gegn stefnukröfunum. Hann bendir á, að mál þetta sé höfðað af stefnanda með heimild skiptaréttarins, þar sem krafan var fyrst höfð uppi. Þessi lögskipti aðilja hafi því færzt úr skiptaréttinum yfir í meðferð bæjarþingsins og hljóti það að taka jafnt til gagnkröfu sem aðalkröfu, þar sem gagnkröfurétturinn kynni að öðrum kosti að reynast einskis virði.

Stefndi kveður ágreiningsefni þetta vera í raun nákvæmlega það sama og kom upp undir rekstri málsins í janúar s.l. og úrskurðað var 12. febrúar s.l., en málskot og mótmæli stefnanda hafi hindrað að fram færu vitnaleiðslur til upplýsingar lögmætum gagnkröfum sínum.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar í þessum þætti málsins með því, að dómkröfur sínar séu byggðar á úttektargerð, sem framkvæmd var eftir fyrirmælum Hæstaréttar og eftir reglum ábúðarlaga. Þar sem yfirúttektar hafi ekki verið beiðzt, verði gerðinni hvorki haggð né hrundið héðan af. Stefndi ætlast nú til, að fram fari vitnaleiðslur til stuðnings þeim rskj., er lögð hafi verið fram í málinu varðandi gagnkröfur, sem hann telji sig eiga á hendur sér. Í þessu máli sé ekki réttur vettvangur fyrir neinar slíkar gagnkröfur stefnda. Telji hann sig eiga einhverjar gagnkröfur á hendur sér, en því sé mótmælt, þá beri honum að lýsa þeim í búið, enda muni þá skiptarétturinn taka afstöðu til þeirra. Þessar gagnkröfur stefnda séu hvorki runnar af sömu rót og stefnukröfurnar né heldur samkynja. Þeim beri að vísa frá dómi ex officio, hvað þá vegna kröfu. Þannig hnigi öll rök að því, að svo beri að telja, að þessar kröfur fái ekki komizt að í þessu máli og séu því alls óviðkomandi. Því beri að ákveða, að gagnaöfnun sé endanlega lokið og málið tekið til munnlegs flutnings.

Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins beinast hvor tveggja að því, að synjað verði um, að tiltekin gögn, þ. e. vitnayfirheyrslur til upplýsingar gagnkröfum stefnda, fái að komast að, og í öðru lagi, að alls engin frekari gögn fái að komast að og að málinu verði ekki frestað meira en orðið er og það tekið til munn-

legs flutnings í heild. Þá hefur hann í málflutningi lýst þeirri skoðun sinni, að gagnkröfum stefnda beri að vísa frá dómi ex officio.

Eigi verður fallizt á það með stefnanda, að ákveðið verði, að einhver ótiltekin gögn, sem eigi er vitað um nú, hver kunni að vera, fái ekki komizt að í málinu og að jafnframt verði ákveðið, að málið skuli tekið til munnlegs málflutnings nú. Þá þykja eigi á þessu stigi málsins vera efni til að vísa frá dóminum gagnkröfum stefnda.

Samkvæmt þessu verður fallizt á þá kröfu stefnda, að fram fari vitnaleiðslur, sem hann hefur tjáð sig um, til upplýsingar nefndum gagnkröfum. Verður því óhjákvæmilega að fresta málinu í þessu skyni, enda verður ekki talið, að stefndi hafi eftir atvikum misnotað fyrri fresti í málinu til að koma þessu fram. Þykir rétt að ákveða frest þennan til 30. júní n. k.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað vegna þessa þáttar málsins, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktunarorð:

Krafa stefnda um, að fram fari vitnaleiðslur til upplýsingar gagnkröfum hans í málinu, er tekin til greina, og er málinu frestað til 30. júní 1970 í því skyni.

Stefnandi, Margrét G. Hjaltested fyrir sjálfa sig og ófjárráða börn sín f. h. dánar- og félagsbús Sigurðar L. Hjaltesteds og Margrétar G. Hjaltesteds, greiði stefnda, Magnúsi S. Hjaltested, kr. 4.000.00 í málskostnað.
